

**Sp.**

**89. Tillaga til þingsályktunar**

[54. mál]

um endurskoðun laga og reglugerða um fjaraskiptastöðvar í íslenskum skipum.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Kjartan J. Jóhannsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða nágildandi lög og reglugerðir um fjaraskiptastöðvar í skipum. Sérstaklega skal athuga reglur þær, er nú gilda um neyðarsenditæki skipa, svo og hverjar breytingar kunni að vera nauðsynlegar á starfsemi þeirra fjaraskiptastöðva í landi, sem við skipin skipta, til þess að ný tæki og aukin tækni verði nýtt með sem bestum árangri.

**Greinargerð.**

Sjaldan hefur jafnalmennur fögnuður gripið um sig meðal íslenzku þjóðarinnar og nú fyrir skömmu, er fréttir bárust út um, að einn af togurum okkar væri heill á húfi, eftir að almenningur hafði óttast um afdrif hans þrátt fyrir bjartsýnisvonir ástvina og kunnáttumanna. Atburður sá vakti að vonum menn til umhugsunar um, hvort ekki væri einhverju ábótavant á sviði þeirra öryggistækja skipanna, sem til fjarskiptatækja teljast, og hvort sú tækni, er nútíminn ræður yfir, væri nýtt svo að fyllsta öryggis væri gætt.

Þann 14. jan. 1959 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um læknishjálp til sjómanna á fjarlægum miðum. Í því máli hafa engar raunhæfar aðgerðir verið framkvæmdar enn þá. Flutningsmenn leyfa sér að benda á stuttbylgjutalstöðvar, sem mögulegan lið í þeirri hjálp vegna hins mikla langdrægis þeirra. Með stuttbylgjutalstöð má undir nær öllum kringumstæðum hafa talsamband við loftskiptastöðina í Gufunesi, þótt frá fjarlægum miðum sé, og má þar nefna t. d. fiskisvæðin í Hvítahafi, við Grænland og á Nýfundnalandsmiðum. Þá má og nefna hafsvæði þau, sem íslensk skip sigla um, þ. á m. Miðjarðarhaf og hafið undan ströndum Norður-Ameríku. Bætt skilyrði fyrir stórauknum viðskiptum slíkra stöðva hér á landi yrðu ekki aðeins sjómönnum til öryggis, heldur einnig til hagsbóta fyrir útgerðina.